

Fundur Myndlistarráðs
Mánudagur, 7. október kl 8:30
Gimli, Lækjargötu

Fundur nr. 3/2019

Boðaðir á fundinn eru: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðifélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). Hera Guðmundsdóttir, verkefnastjóri ritar fundargerð.

Fundur settur 8:45

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykkis.

Fundargerð síðasta fundar var ekki lögð fyrir ráðið sökum tækniörðugleika. Skrifað verður undir á næsta fundi 21. október.

2. Íslensku myndlistarverðlaunin – fara yfir tímalínu.

Samþykkt að opnað verði fyrir tilnefningar 28. nóvember, á degi ársúthlutunar Myndlistarsjóðs.

Samþykkt að afhending Íslensku myndlistarverðlaunanna 2020 verði haldin 20. febrúar.

Rætt er um að auka umfang myndlistarverðlaununum : bæta við fleiri flokkum en þó ekki fleiri peningaverðlaunum. Markmiðið með auknu umfangi væri að auka aðsókn á verðlaunaafhendinguna sjálfa og beina sjónum að minni sýningum og samsýningum.

Umræðan bersta að því að Myndlistarráð eigi ekki að sjá um einstök verkefni önnur en myndlistarsjóð. Rætt um sameiningu Kynningarmiðstöðvanna í þessu samhengi.

3. Umsóknarkerfi myndlistarsjóðs.

Breytingar á umsóknarkerfi ræddar og sammælt um að mikilvægt sé að fara í frekari endurbætur á kerfinu sem fyrst til að auðvelda umsækjendum að sækja um sem og að auðvelda vinnu matsnefnda. Helstu breytingarr skuli verða á fjárhagsáætlunarliðum þar sem lagt er til að styrkhæfir liðir verði fyrirframákveðnir og umsækjendur þurfi einungis að fylla inn þá liði kostnaðaráætlunar sem Myndlistarsjóður styrkir. Rætt að taka skuli út flokkakerfið þar sem umsækjendur setja sjálfir umsókn sína ýmist í flokk *Stærri eða minni sýningarverkefna, Rannsóknar- og útgáfuverkefna* eða *Undirbúningsstyrkja*. Óskað er eftir meira gagnsæi varðandi aðra styrki sem verkefni hafa fengið frá öðrum stofnunum. Endurhugsa starf matsnefnda.

Ákveðið að fara út í breytingar á umsóknarkerfi og að kalla skuli eftir tilboði þær breytingar sem ræddar voru á fundinum. Verkefnastjóri mun hafa samband við forritara og kynna fyrir ráðinu tilboð hans þegar það hefur borist.

4. Önnur mál

- i. Sameining kynningarmiðstöðva .

Langtímaplan. Umræða færð yfir á næsta fund. Formaður setji sig í samband við ráðuneytið

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 21. október, kl. 08:30

Fundi slitið kl. 09:50